

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Bergstaðastræti 10C.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 11. desember 2019, breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.2 vegna lóðarinnar nr. 10C við Bergstaðastræti. Í breytingunni felst leiðrétting og breyting á lóðarmörkum og gerð byggingarreits fyrir tengibyggingu milli íbúðarhúss og skúrs á baklóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 29. október 2020,

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2020